

Tillaga Bjartrar framtíðar og FÓLKISINS- í bænum varðandi ósk Landsnets um leyfi til framkvæmda vegna Lyklafellslínu

Björt framtíð og FÓLKID- í bænum leggja til að erindi Landsnets um framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu verði frestað þangað til fyrir liggur niðurstaða frá úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála um þegar veitt framkvæmdarleyfi við Suðvesturlínu frá Hafnarfjarðarbæ og Mosfellsbæ.

Greinargerð

Landsnet hefur sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu fyrir Lyklafellslínu, háspennulínu sem reisa á yfir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Samtals er um að ræða 150 km af nýjum loftlínunum sem liggja að mestu um hraun.

Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets árið 2015, um niðurrif Hamraneslína í Hafnarfirði, varð til að setja þessa nýju línu á framkvæmdaráætlun. Ekki er fyrirséð að þörf sé á Lyklafellslínu, einungis tilfærsla á Hamraneslínunum eða lagningu þeirra í jörð á um 3 km kafla.

Samkvæmt lögum bar í matsskýrslu framkvæmdarinnar, þá nefnd Suðvesturlínur, að skoða aðra mögulega valkosti og bera saman umhverfisáhrif þeirra auk þess að rökstyðja val framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa. Í matsskýrslu Suðvesturlína varð á þessu misbrestur og engir aðrir valkostir, hvorki tilfærsla á Hamraneslínunum, önnur lega Lyklafellslínu né jarðstrengir skoðaðir. Einungis lagning háspennulínu yfir vatnsverndarsvæðin.

Samkvæmt 2.mgr. 14.gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Þegar er fallin Hæstaréttardómur um að framkvæmdarleyfi verði ekki byggt á matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar um Suðvesturlínur. Hæstiréttur gerir athugasemd við þá aðferðarfræði umhverfismats sem fól í sér almennan samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum.

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Hraunavinir kærðu í ágúst s.l. leyfisveitingu Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar með vísan til 52. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærendur krefjast þess að fellt verði úr gildi framkvæmdaleyfi Landsnets vegna Suðvesturlína/Lyklafellslínu. Að mati kæranda eru ekki uppfyllt skilyrði til að veita hið kærða framkvæmdaleyfi.

Að framsögðu má ljóst vera að verulegur vafi leikur á að hægt sé að rökstyðja veitingu framkvæmdaleyfis byggðu á þeirri matsskýrslu sem nú liggur fyrir frá Landsneti og Skipulagsstofnun.